

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2007 frá 15. júní 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2006/585/EB frá 24. ágúst 2006 um stafvæðingu menningarefnis og að gera það aðgengilegt á Netinu og um varðveislu stafræns efnis ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 6. mgr. 13. gr. bókunar 31 við samninginn:

„7. Samningsaðilar skulu leitast við að styrkja samvinnu innan ramma EB-starfsemi sem eftirtaldir EB-gerðir kunna að verða uppspretta að:

- **32006 H 0585:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/585/EB frá 24. ágúst 2006 um stafvæðingu menningarefnis og að gera það aðgengilegt á Netinu og um varðveislu stafræns efnis (Stjtið. ESB L 236, 31.8.2006, bls. 28).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 22.11.2007, bls. 53, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 56, 22.11.2007, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 236, 31.8.2006, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.